

## 1085. Stjórnarfundur VR

### Haldinn miðvikudaginn 12. desember 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 14. hæð

Mætt:

Stefán Einar Stefánsson, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar. Frestað.

#### 2. Fjárhagsáætlun 2013

Helga fór yfir fjárhagsáætlun á skjali á myndvarpa. Helstu atriðin eru þau að tekjur árið 2013 eru áætlaðar 2,2 milljarðar króna og er það 140 milljóna króna aukning tekna milli ára. Reiknað er með 106 milljóna króna aukningu gjalda. 34 milljóna króna aukning á rekstarafgangi. Hreinar tekjur til ráðstöfunar verði 584 milljónir króna. Reiknað er með 7% aukningu iðgjalda og er þá reiknað inni þá áætlun að 3,25% launahækkun í febrúar standi og reiknað er með 2% fjölgun félagsmanna. Gert er ráð fyrir 6% nafnávöxtun og lögð er til óbreytt fjárfestingarstefna.

Umræður.

Fjárhagsáætlun er samþykkt með þeim fyrirvara að farið verði út í jafnlaunavottunarverkefnið sem gert er ráð fyrir í áætluninni.

#### 3. Jafnréttisár 2013

Stefán Einar dreifði skjalinu “Jafnlaunavottun VR – Ár jafnréttis og jafnlauna 2013” dags. 12.12 2012, og fór yfir efni þess. Í máli Stefáns Einars kom m.a. fram að Staðlaráð Íslands muni gefa út jafnlaunastaðal nú í desember. Hafið er samstarf við alþjóðlega vottunarfyrirtækið BSI sem er með útibú hér á landi og mikið hefur verið fundað með undanfarin misseri. Hugmyndin er sú að VR verði leiðandi í að veita fyrirtækjum jafnlaunavottun í samræmi við jafnlaunastaðalinn en að sjálf úttektin sé gerð af hlutlausum aðilum, þ.e. BSI. Yrði unnið á svipuðum nótum og Fyrirtæki Ársins, með sérstöku merki sem viðkomandi geti kynnt sig með og til tiltekins tíma.

Kostnaðaráætlun er 40 – 50 milljónir króna.

Umræður.

Að loknum umræðum fór Árni stuttlega yfir framkomnar hugmyndir að auglýsingaherferð í tengslum við þetta verkefni.

Samþykkt samhljóða að fara í þetta verkefni.

#### 4. Gjaldmiðlavarnasamningar lífeyrissjóða

Stefán Einar ræddi fund með aðilum frá Lífeyrissjóði verslunarmanna í gær og var ánægður með þann fund og sagði að gott hafi verið að fá þeirra skýringar.

Umræður.

Stefán Einar lagði til að hugmynd um gerð minnisblaðs um gjaldmiðlavarnasamninga Lífeyrissjóðs Verslunarmanna yrði vísað frá.

Tillaga um frávísun var samþykkt með 10 atkvæðum gegn einu atkvæði Ragnars Þórs sem óskaði eftir að mótatkvæði hans væri bókað.

#### 5. Fulltrúar í fulltrúaráð Eirar

Stefán Einar sagði umfjöllun um þetta mál í fjölmiðlum með ólíkindum. Greinilega pólitískt mál. VR var beðið um að koma að málinu og er það tillaga Stefáns Einars að öll stjórn Eirar og fulltrúar í fulltrúaráði víki en flestir aðrir aðlilar málsins eru einnig komnir á þá skoðun, t.d. Reykjavíkurborg. Við öxlum okkar ábyrgð með því að gera þetta en Jóhanna E. Vilhelmsdóttir hefur þó ekki viljað víkja en við ættum að geta tilnefnt nýja fulltrúa og þá ógildist umboð þeirra sem ekki víkja af fúsum og frjálsum vilja. Stefán Einar dreifði því næst skjalinu “*Minnisblað – Efni: Tilnefning í fulltrúaráð Eirar*” dags. 12.12 2012 en þar er gerð tillaga um að eftirtaldir taki sæti í fulltrúaráði Eirar á fulltrúaráðsfundi sem verður haldinn þann 14. desember n.k.:

Jón Sigurðsson fyrrv. seðlabankastjóri  
Fríður Birna Stefánsdóttir stjórnarmaður í VR  
Guðrún Jóhannsdóttir fulltrúi í Trúnaðarráði VR

Umræður.

Tillagan um þessa aðila var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### 6. Jóláaðstoð VR

Stefán Einar lagði fram skjalið “*Minnisblað – Efni: Jóláaðstoð VR*” dags. 6.12 2012 og fór yfir efni þess. Tillaga er gerð um að sami háttur verði hafður á í þessu efni eins og var árið 2011 þ.e. að fjórum milljónum króna sé varið til stuðnings Hjalparstarfi kirkjunnar á innlendum vettvangi. Með þessu móti er tryggt að félagsmenn um land

allt hafi jafnan aðgang að þeirri aðstoð sem félagið styður við bakið á.

Virðing  
Réttlæti

The logo for VR (Virðing Réttlæti) consists of the letters 'VR' in a white, bold, sans-serif font, centered within a dark blue square.

Umræður.

Samþykkt samhljóða.

7. **Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn.**

Ekkert fyrirbyggjandi.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 21:40

Árni Leósson, fundarritari